

Byrjendalæsi

SKÓLAPRÓUNARSVIÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

2. tbl., 3. árg. Áb. Trausti Þorsteinsson

Apríl 2009

Á leið til sjálfstæðis í læsi

Leiðbeinandi lestur—sjálfstæður lestur

Þegar lagt var upp með Byrjendalæsi 2005 voru samin þrjú *sýnidæmi* af kennsluáætlunum, misþungum, sem kennarar gætu haft til hliðsjónar við gerð eigin áætlana. Sú fyrsta og léttasta var um *Furðufugl*, næsta um *Hnoðra litla* sem er heldur þung fyrir fyrstu mánuði 1. bekkjar. Loks er þriðja og þyngsta *Leiðbeinandi lestur—sjálfstæður lestur*. Sú áætlun tengist ekki sérstökum texta heldur er einblöðungur með lýsingu á hvernig nemendur öðlast meira sjálfstæði en áður í vali á texta. Þeir velja lykilorð og sundurgreinandi og samtengjandi viðfangsefni og hvernig þeir endurbyggja texta til að miðla.



Mikilvægt er að styrkja félagatengsl í hverjum námshópi. Það felur þó ekki í sér að nemendur þurfi alltaf að vera allir að læra það sama, saman. Það er bæði eðlilegt og nauðsynlegt að kennarar hafi áætlun um hvernig og hvenær þeir “þynni naflastrenginn” og stuðli að því að nemendur verði fleygir.

Sýniáætlanir um *Furðufugl* og *Leiðbeinandi og sjálfstæðan lestur* geta kennarar nálgast á Byrjendalæsisdiski sem er til í skólunum.

Á döfinni

Lokafundir vetrarins, 2 klst. sem hér segir:

- Reykjavík: 30. apríl kl. 14-16.
- Akureyri og Hrafnagilsskóli 11. maí kl 14-16.
- Akranes í maí
- Borgarbyggð í maí

Síðasta skimunarpróf vetrarins eru lögð fyrir nemendur í 1. og 2. bekk dagana 22.-30. apríl. Síðasti skiladagur úrlausna til HA er 11. maí. Læsisprófi 2.2. var lagt fyrir í byrjendalæsisiskólum um miðjan febrúar en Reykvíkingar leggja það próf fyrir í byrjun apríl. Samið var um að haggja ekki því skipulagi. Reykjavíkurskólarnir munu leggja fyrir nemendur þriðja og síðasta próf vetrarins, Byrjendalæsi III—leiðsagnarmat.

Rósa, Þóra Rósa og Jenný



Lesið með félaga
í 1. bekk í Hrafnagilsskóla

Efni í blaðinu:

Á LEIÐ TIL SJÁLF-
STÆÐIS Í LESTRI 1

Á DÖFINNI 1

STIG Í NÁMI 1

NÁMSUMHVERFI 2

SAMÞÆTTING
NÁMSGREINA 3

HEIMILDARVINNA MED
UNGUM NEMENDUM 4

Stig í námi:


1. Óþekkt færni og þekking. Námið hefur ekki átt sér stað.
2. Tileinkun—barnið er rétt að hefja námið, getur suma daga rétt en ekki aðra.
3. Fullnuma—barnið hefur alltaf rétt svör en yfirfærir ekki á nýjar aðstæður
4. Yfirfærsla—barnið svarar alltaf rétt bæði í námsaðstæðum og við nýjar aðstæður.

Stundum ná börn ekki árangri í námi vegna of hraðrar yfirferðar og áherslu á námsefnið fremur en nám barnsins.


Góðar kennsluaðferðir taka tillit til gleysku og hafa innbyggða upprifjun til að styrkja námið. Þegar námið hefur komist á yfirfærslustigið, er náminu viðhaldið í gegnum daglega beitingu í hagnýtum aðstæðum.

Squires & McKeown (2003). Supporting children with dyslexia.

Námsumhverfi



Lestrarvænt umhverfi
í skólastofunni miðar
að því að örva nem-
endur til iðkunar
læsis. Umhverfi í
þessu samhengi, nær
til fjölmargra efnis-
legrar þátta sem koma
má fyrir í skóla-
stofunni. Mikilvægur
hluti í lestrarvænu
umhverfi er einnig sá
andi sem ríkir í skóla-



stofunni, lágstemmdar raddir nemenda og kennara, gagnkvæm virðing í umgengi og greiðasemi og hvatning nemenda á milli.

Í Byrjendalæsi er hvatt til samvinnu nemenda. Mörgum kennurum hefur fundist henta að skipuleggja *stöðvavinnu*. Kennarinn hefur ákveðið hvað gerist á hverri stöð. Með því móti getur kennari á nokkuð auðveldan hátt mætt persónulegum þörfum nemenda, enda þarf vinnu á stöðvum ekki að ljúka á sama tíma. Í stöðvavinnu fara nemendur ekki endilega á allar stöðvar. Ef til vill fara þeir bara á eina stöð en verkefnin koma frá kennara.

Ýmsir kennarar hafa einnig notað *hringekju*. Hún rúllar á tíma, þannig að allir þurfa að færa sig samtímis á milli stöðva. Yfirleitt er miðað við að allir nemendur komist á allar stöðvar. Við þessar aðstæður geta nemendur sem vinna hægt eða fá of þung viðfangsefni vanist því, að það sé í lagi að ljúka ekki viðfangsefnum. Erfitt verður að mæta einstaklingsþörfum þegar allir nemendur eiga að vinna sömu verkefnin.

Læsisvæði í kennslustofu er hugtak yfir vinnuaðstöðu fyrir nemendur til að vinna út frá eigin hugmyndum eða með hugmyndir og efni frá kennara. Á svæðum velja nemendur sjálfir og eru þá ekki undir beinni stjórn kennara. Margar aðrar leiðir eru tiltækar til að efla sjálfstæða vinnu nemenda, læsisstöð er einungis ein slíkra leið

Á mynd hér að ofan má sjá hluta af skólastofu þar sem eru skipulögð nokkur svæði og öllu haganlega fyrir komið svo nemendur hafi auðvelt aðgengi að svæðunum.

Það má benda á að stöðvar af ýmsu tagi þurfa ekki að taka mikið pláss, t.d. væri alveg nægilegt að hafa verklýsingar á hörðum spjöldum sem opnast í miðju eins og sjá má á myndum hér til vinstri.

Orðakroppur

[illegible]

Frá Grundaskóla:

„Við í 2.bekk erum á kafi í vinnu með líkamann og notum hugmyndir frá Guðmundi Engilberts. Sendi ykkur myndir af vinnunni í morgun.

- Átti smjörbaunir inn í skáp og ákvað að nota þær í orðhlutaspil o.fl. og nota þar orðaforða úr grunnbókinni okkar, Komdu og skoðaðu líkamann.

Á miðunum eru heiti líkams-
hluta og bæði auðveld og
þekkt orð og flókin og óþekkt
orð.

Læsi og náttúrufræði - verkefnin

Læsi:

- Finna orð í textanum sem eru með tvöfaldan samhljóða
- Spil með orðum með einf-eða tvöföld samhljóða
- Paralestur—fræðibækur
- Leiklestur— samtöl í sögu.

Læsi og náttúrufræði:

- Mynd og skráning á heitum, s.s. vængur, stél...

- Vennkort—bera saman tvo fugla
 - Skrifa sameiginlega fræðibók eða bækling um fugla
 - Hugtakavinna
 - Fugl dagsins—börnin semja gátur.
- 


Náttúrfræði

- Skoðunarferð á fuglasafn
- Veggmynd—með fuglum
- Spil—hljóð fugla og myndir.


Krakkarnir flokka orðin eins og þeim finnst best og raða þeim svo í eitthvert samhengi sem við gefum þeim, ef þau átta sig ekki sjálf á möguleikum.

Ásta Egilsdóttir

- Baunaspilið



Heimildavinna með ungum nemendum



Hrefna




Unginn er svona stór


Unnið með fræðitexta í Hrafnagilsskóla



Unnið með dót



Jesú og lærisveinarnir



Tröllin í fjöllumum